

## 6.Bekkur

Hönnun & Smíði

Haustönn 2018

Kennari: Alda Rose Cartwright

alda.rose@barnaskolinn.is

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

### Lýsing á áfanga

Á öllum bekkjarstigum í Hönnun&smíði legg ég á áherslu á að nemendur öðlist færni í notkun verkfæra, efla verkvit og þjálfist í úrlausn verkefna umfram þess að skila fullkomnaðri loka afurð. Markmið H&S er að þjálfva nemendur í að skipuleggja verkferli verkefnis og hlúa að öllum þáttum þess með því að vera þátttakandi sköpunarferlisins frá upphafi.

Ég hvet nemendur jafnframt til að hugsa sjálfstætt, læra af mistökum og nýta sér óvæntar niðurstöður á skapandi hátt. Við bjóðum mistökum velkomin sem eðlilegan og þroskandi þátt í lærdómsferlinu. Auk þess að efla verkvit og færni nemenda í handverki legg ég áherslu á gagnrýnt samtal um hönnun og listir sem eykur læsi nemenda á umhverfi sitt. Við skoðum hönnun útfrá notagildi sem og fagurfræði. Við reynum eftir bestu getu að að nýta efni úr nærumhverfi í anda sjálfbærinnar. Einnig er mikilvægt er að nemendur beri ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.

### Námsmat

Metnir eru eftirfarandi þættir í Hönnun&Smíði:

- Ástundun
- Virkni í tíma
- Frumkvæði
- Frumleiki
- Áhugi og jákvæðni
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Vandvirkni
- Úrlausn verkefna
- Umgengni og hegðun
- Færni nemanda að taka leiðsögn.

Nr.	VIKA/MÁN.	Verkefni	Markmið
35	27.ÁG.-2.SEPT	Fuglahús	Nemendur hanna fuglahús og smíða. Nemendur teikna hugmynd sína á blað og útfæra hönnun sína. Nemendur læra að búa til snið og mæla. Áhersla er á form og stærðfræði jafnframt notagildi og vandvirkni.
36	3.-9. Sept.	Fuglahús	-
37	10.-16. Sept.	Fuglahús	-
38	17.-23. Sept.	Fuglahús	-
39	24.-30. Sept.	Fuglahús	-
40	1.Okt.-7.Okt.	Fuglahús	-

41	8.- 14.Okt.	Fuglahús	-
42	15.-21.Okt.	Skurðarbretti	Nemendur hanna skurðarbretti úr birki. Skoða m.a. mismunandi trjágerðir og eiginleika þeirra. Nemendur hanna eigið form til að saga út.
43	22.-28.Okt	Skurðarbretti	-
44	29.Okt -4.Nóv.	Skurðarbretti	-
45	5.-11.Nóv.	Tálgverkefni.	Nemendur þjálfast í tálgun og fá lindið til að vinna með. Nemendur læra hvernig skal fara með tálgkníf og tilheyrandi.
46	12.-18.Nóv.	Tálgverkefni.	-
47	19.- 25. Nóv.	Tálgverkefni.	-
48	26.-2.Des.	Tálgverkefni.	-
49	3.Des- 9.Des.	Jólaskraut	
50	10.- 16.Des.	Jólaskraut	
51	17.- 23.Des.		
52	24.-30.Des.		